



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Heimilisfræði – 4. bekkur

Nemendur eru í heimilisfræði tvær kennslustundir aðra hverja viku. Stuðst er við kennslubókina Heimilisfræði 4 og unnar uppskriftir úr henni. Nemendur fá að kynnst ger- og kökubakstri og læra hvernig og hvaða áhöld á að nota við baksturinn. Einnig er eitthvað um eldamennsku. Í heimilisfræði gefst tækifæri til að hafa áhrif á lífsstíl nemenda og því tölum við m.a. um muninn á hollum og óhollum mat, mikilvægi góðrar næringar og hreinlætis.

Matsviðmið

Matur og lífshættir

Tjáð sig á einfaldan hátt um heilbrigðga lífshætti

Tjáð sig um helstu kostnaðarliði við matargerð og heimilishald almennt.

Farið eftir einföldum leiðbeiningum um hreinlæti og þrif.

Matur og vinnubrögð

Farið eftir einföldum uppskriftum og notað til þess einföld mæli- og eldhúsáhöld.

Sagt frá helstu hættum sem fylgja vinnu í eldhúsi.

Matur og umhverfi

Sett viðfangsefni heimilisfræðinnar í einfalt samhengi við sjálfbærni.

Skilið einfaldar umbúðamerkingar.

Matur og menning

Tjáð sig á einfaldan hátt um jákvæð samskipti við borðhald, helstu hátíðir Íslendinga, siði sem þeim fylgja og þjóðlegan mat.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Námsmat

Við mat á hæfniviðmiðum er stuðst við virgni og þátttöku í tímum og þau verkefni sem nemendur hafa unnið við. Námsmat er sýnilegt á Mentor. Að auki fá nemendur endurgjöf eftir hvern tíma A, B+, B eða C.

Yfirfarið september 2024